HEKLAN | ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG SUÐURNESJA

MARKAÐSSTOFA REYKJANESS

# Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja og Markaðsstofa Reykjaness

## Fundargerð

*83. fundur haldinn föstudaginn 12. mars að Skógarbraut 945.*

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Berglind Kristinsdóttir, Þuríður H. Aradóttir, Magnús Stefánsson, Logi Gunnarsson, Ásgeir , SAR, Björk Guðjónsdóttir.

### *Dagskrá*

1. Atvinnuleysi á Suðurnesjum – Sumarstörf. Vinnumálastofnun Hildur J. Gísladóttir
2. Þróunaráætlun Kadeco – kynning. ÁB. Pálmi F. Randversson.
3. Samstarfssamningur Markaðsstofu Reykjaness og Íslandsstofu. ÁB: Þuríður H. Aradóttir Braun.
4. Kynning á Eldey frumkvöðlasetri. ÁB: Dagný Gísladóttir
5. Undirbúningur Vestnorden – staðan. ÁB: Þuríður H. Aradóttir Braun.
6. Jarðhræringar á Reykjanesi, viðbrögð – Markaðsstofa Reykjaness. ÁB: Þuríður H. Aradóttir Braun og Eyþór Sæmundsson

------

**1. Mál Þróunaráætlun Kadeco – kynning.**
Pálmi F. Randversson kynnti þróunaráætlun Kadeco.

**2. Mál Atvinnuleysi á Suðurnesjum – Sumarstörf. Vinnumálastofnun Hildur J. Gísladóttir**
Hildur Gísladóttir frá Vinnumálastofnun mætti á fundinn ásamt vinnumiðlurum og kynnti stöðuna. Í dag eru 4000 manns á skrá og er verið að setja hópinn í virkni s.s vinnu með ráðningastyrkjum. Horft er til þeirra sem hafa verið 12 – 30 mánuði á skrá í samvinnu við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Umsóknum um ráðningastyrki hefur fjölgað og hefur kerfið verið einfaldað svo það verði ekki of þungt í vöfum.
Skrifstofan hefur opnað aftur og eru starfsmenn orðnir 12 og því hægt að vinna markvissara í vinnumiðlun. Nú eru námskeið í gangi á þremur tungumálum. Verið að bíða eftir átaki á vegum ríkisstjórnar sem verður kynnt á næstunni.

**3. Mál Samstarfssamningur Markaðsstofu Reykjaness og Íslandsstofu.**
Þuríður H. Aradóttir Braun kynnti samstarfssamning MR og Íslandsstofu.

**4. Mál Kynning á Eldey frumkvöðlasetri.**
Dagný kynnti opnun á Eldey frumkvöðlasetri í Keili en aðstaðan þar verður gjaldfrjáls fram að áramótum með stuðningi frá Eignarhaldsfélagi Suðurnesja. Þegar eru komnar inn góðar

umsóknir í setrið sem hafa verið samþykktar og með meiri tilslökunum vegna codid verður boðið upp á fræðslu og viðburði í húsnæðinu auk ráðgjafar.

5. **Mál Undirbúningur Vestnorden – staðan.**
   Þuríður H. Aradóttir Braun kynnti stöðuna.

6. **Mál Jarðhræringar á Reykjanesi, viðbrögð – Markaðsstofa Reykjaness.**
   Þuríður H. Aradóttir Braun kynnti viðbrögð við jarðhræringum að undanförnu og hvernig viðbrögð hafa verið.

*Fleira ekki gert og fundi slitið.*